



Mosfellsbær - Blikastaðaland 1. áfangi - skipulagslýsing vegna nýs deiliskipulags

Viðtakandi: Mosfellsbær

Sendandi: Skrifstofa skipulagsfulltrúa

Umsögn

Lagt fram erindi Mosfellsbæjar, dags. 13. desember 2023, þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa um skipulagslýsing Nordic - Office of Architecture og Eflu hf., dags. 1. desember 2023, vegna nýs deiliskipulags fyrir 1. áfanga Blikastaðalands í Mosfellsbæ. Fyrirhuguð er ný og spennandi heildstæð íbúðabyggð sem mun tengja betur Mosfellsbæ við höfuðborgarsvæðið með áherslu á bættar almenningsamgöngur með tilkomu Borgarlínu. Svæðið er vel í sveit sett milli Úlfarsfells og fjöru Blikastaðakróar, þar sem hönnun mun taka mið af gæðum landsins og fjölbreyttum tækifærum fyrir nýja íbúa að stunda þá útivist sem Mosfellsbær og staðsetning Blikastaðalands hefur uppá að bjóða. Innan landsins verða skipulögð ný leik- og grunnskólahverfi auk framúrskarandi verslunar-, þjónustu- og miðsvæðis við Borgarlínu og gamla bæinn að Blikastöðum. Blikastaðaland er í heild sinni um 90 ha landsvæði sem skipt verður upp í nokkra deiliskipulags- og uppbyggingaráfanga.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við lýsingu, en skipulagsfulltrúi Reykjavíkur áskilur sér rétt til að koma með ábendingar/ athugasemdir í skipulagsvinnuna á síðari stigum verkefnisins.

Virðingarfyllst,
Hrönn Valdimarsdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulagsfulltrúa